

Nd.

503. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 22, 3. nóv. 1915, um fasteignamat.

Frá landbúnaðarnefnd.

Sú breyting hefir orðið á frv. stjórnarinnar í efri deild, að skipa á nú 5 manna yfirmatsnefnd til að endurskoða og samræma hið nýframkvæmda mat allra fasteigna í landinu. Á þessu yfirmati að vera lokið fyrir 1. júlí 1920. Þykir kenna allmikils ósamræmis í matinu, mat miklu hærra í sumum hjeruðum en öðrum. Stafar það auðvitað af því, að matsnefndir hafa haft ólíkar skoðanir á verðgildi fasteignanna; hver nefnd hefir farið eftir sínu höfði, án tillits til, hvernig matið væri í næstu sýslum. Hins vegar má gera ráð fyrir allgóðu samræmi á mati fasteigna í hverri sýslu og kaupstað út af fyrir sig hjá sömu matsmönnum. Þó að nefndin hafi ekki haft tíma til að athuga matsbækur hjá stjórnarráðinu, þá er einstökum nefndarmönnum ljóst, að full þörf er á betra samræmi. Ætti það að fást eftir frumvarpinu. En þá riður á að velja kunnuga og víðsýna menn, og mun þó reynast fullerfitt að koma á góðu samræmi yfirleitt, úr því sem komið er.

Verður að gera ráð fyrir, að yfirmat það, sem frumvarpið ræðir um, verði til mikilla bóta og sje nauðsynleg tilraun til að samræma matið og koma þessu máli í betra horf. Leggur nefndin til, að frv. sje samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. ágúst 1919.

Stefán Stefánsson,
formaður.

Einar Árnason,
fundaskrifari.

Jón Jónsson,
ritari.

Þjetur Þórðarson,
með fyrirvara.

Sigurður Sigurðsson.